

Launakannanir - Launahugtök

Regluleg laun: Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur, svo sem föst yfirvinna, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Við útreikninga er ekki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Regluleg laun fullvinnandi eru reiknuð ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru a.m.k. 90% af dagvinnuskyldu. Ef greiddar stundir í dagvinnu og vaktavinnu eru á bilinu 90-100% af dagvinnuskyldu eru þau umreiknuð í fullt starf. Regluleg laun þeirra sem ekki eru fullvinnandi eru umreiknuð í fullt starf.

Regluleg heildarlaun: Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna. Regluleg heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi einstaklinga.

Greiddar stundir: Greiddar stundir er samanlagður fjöldi greiddra stunda á viku í fullu starfi hvort heldur sem er í dag-, vakta- eða yfirvinnu. Í mörgum tilvikum eru greiddar stundir ágætur mælikvarði á vinnustundir launamanns. Það er þó ekki algilt þar sem fastlaunasamningar eru víða í gildi hjá fyrirtækjum og í þeim tilvikum er erfitt er að meta og mæla vinnustundir. Þessir samningar eru algengastir meðal stjórnenda og sérfræðinga þótt fastlaunasamningar séu til staðar í öllum starfsstéttum. Fastlaunasamningar eru sérsamningar við vinnuveitanda þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta hefur í för með sér að raunverulegur vinnutími er ekki skráður og því geta greiddar stundir verið vanmetnar hjá þessum hópi. Greiddar stundir eru einungis reiknaðar fyrir fullvinnandi einstaklinga.

Heildarlaun: Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna s.s. orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna, ákvæðisgreiðslna og uppgjörs vegna mælinga sem falla til þá mánuði sem einstaklingur er fullvinnandi. Við útreikninga er hvorki tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna. Heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi einstaklinga.